

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 46.641 og kr. 31.688 á hvert heimili í dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpgjald á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði kr. 15.701.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c) Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur, slóg/rækjuskel	36 kr./kg
Timbur	36 kr./kg
Óvirkur úrgangur (t.d. gler, múrbrot)	7 kr./kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	8.610 kr./stk.
Farmstærð undir 0,5 m ³	4.735 kr.
Farmstærð allt að 1 m ³	9.470 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1198/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 1. desember 2016.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2016